



Staðarreglur fyrir Garðavöll

Gilda frá 10. maí 2023

1. Vallarmörk eru hvítir hælur og hvítar línur umhverfis völlinn auk girðingastaura og gaddavírsstrengja/banda á milli þeirra við vallamörk.
2. Fjarlægðarhælur og mól í kringum þá, girðingarstaurar og gaddavírsstrengir/bönd milli þeirra svo og vökvunarkerfi eru óhreyfanlegar hindranir (regla 16.1).
3. **Færslur á öllum brautum.** Þegar bolti leikmanns liggur innan almenna svæðisins og þar sem gras er slegið í brautarhæð eða neðar má leikmaður taka vítalausa lausn einu sinni áður en högg er slegið með því að færa boltann innan einnar kylfulengdar þaðan sem boltinn liggur (regla 14.1), þó ekki nær holunni. Þegar lausn er tekin skv. þessari reglu verður leikmaður að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur skv. reglu 14.2b(2) og 14.2e
4. Athafnasvæði á leið á milli 7. og 13. brautar er grund í aðgerð og sama gildir um athafnasvæði aftan við 14. teig og til hliðar við 17. flöt.
5. Svæðið innan rauða vítasvæðisins sem skilgreint er með hvítum stikum með rauðum toppi, hægra megin við 2. 4. og 8. braut, vinstra megin við 7. 13. og 14. braut eru bannreitir. Þegar bolti er á bannreitnum innan vítasvæðanna má ekki leika boltanum þar sem hann liggur og taka verður lausn frá truflun vegna bannreitsins samkvæmt reglu 17.1d.
6. Öll nýhreyfð moldarsvæði sem og ný lagt torf eru grund í aðgerð. Lausn fæst skv. reglu regla 16.1b.

Almennt víti fyrir brot á staðarreglu: Höggleikur - Tvö högg. Holukeppni – Holutap.
Leikmenn eru beðnir um að ganga vel um völlinn, nota flatargaffla og laga torfuför.

Símanúmer Golfskála/Dómara : 431-2711